

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 3. febrúar 2020

UST201905-100/H.E.

08.14.02

**Efni: Lokunareftirlit, 3.12.2019, á aflagðan urðunarstað Sorpbrennslu Funa að Klofningi.**

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Sorpbrennslu Funa að Klofningi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunaryarnaftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir þinglýstum fyrirmælum um frágang og vöktun frá 15. nóvember 2012.

**Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu og þrjú frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Ekki hefur verið staðið skil á skráningum og mælingum. Gögnum sem skilað var 2018 voru eingöngu niðurstöður á samsetningu grunnvatns en tóku ekki til yfirborðsvatns, breytinga á umfangi né veðurfarsupplýsinga. Þá hafa niðurstöður skráninga árunum 2014-2018 ekki verið skilað til stofnunarinnar.
2. Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Mælingar á aflagða urðunarstaðnum hafa ekki verið framkvæmdar í samræmi við mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun. Einungis niðurstöðum mælinga á tveimur grunnvatnsbrunnum var skilað árið 2018 og engar mælingar liggja fyrir frá árunum 2014-2018. Engar mælingar voru gerðar árið 2019.
3. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Í skoðunarferð sást úrgangur standa upp úr haugnum á stöku stað sem gefur til kynna að yfirborðsfrágangur sé ekki nægjanlegur alls staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. febrúar 2020.

  
Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst

  
Huldu Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæði

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpbrennsla Funa - Klofningur urðun við Klofning



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpbrennsla Funa - Klofningur	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hafnarstræti 1	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	1234567899	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ralf Trylla	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	294752,072 625834,756

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit til að taka út frágang urðunarstaðar Funa í Klofningi við Flateyri. Starfsleyfi Sorpbrennslunnar var fellt úr gildi árið 2011 og í kjölfarið voru gefin út fyrirmæli um frágang og vöktun sem tóku gildi 15. nóvember 2012. Í eftirlitinu komu fram þrjú frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun. Þá var tveimur ábendingum komið á framfæri

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Frágangur í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun sjá viðhengi.
- Gagnaskil í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun
- Vöktunarmælingar í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun

a. Byrjað var á skoðunarferð um urðunarstaðinn. Á vesturenda urðunarstaðarins var efnistökusvæði um ummerki þess enn til staðar. Búið er að hylja urðunarsvæðið að mestu en enn stóð plast og málmar upp úr yfirborðinu á stöku stað sem gefur til kynna að bæta þurfi yfirborðslagið. Sýnatökubrunnar fyrir grunnvatn voru skoðaðir.

b. Á fundi var farið yfir gagnaskil skv. fyrirmælum um frágang og vöktun. Mikilvægt er að skráningunum sé skilað í samræmi við gr. 1.7 í einni heildstæðri skýrslu og vel sé gert grein fyrir sýnatökuaðferðum og aðstæðum við sýnatökurnar. Þá skal taka veðurfarsupplýsingar saman í samræmi við ákvæði fyrirmælanna.

c. Vöktunarmælingar á grunnvatni voru gerðar 2013, 2015 og 2018 og voru niðurstöðurnar sendar Umhverfisstofnun í kjölfarið. Ekki voru gerðar mælingar á yfirborðsvatni 2018 en skv mælingaraðilanum (Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða) var mikil þurrkatíð var þegar sýnatakan fór fram og því lítið sem ekkert rennandi vatn á yfirborði. Þá hafa ekki verið gerðar mælingar á breytingum á umfangi né stöðu grunnvatns í samræmi við fyrirmælin.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

Grein 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Ekki hefur verið staðið skil á skráningum og mælingum. Gögnum sem skilað var 2018 voru eingöngu niðurstöður á samsetningu grunnvatns en tóku ekki til yfirborðsvatns, breytinga á umfangi né veðurfarsupplýsinga. Þá hafa niðurstöður skráninga árunum 2014-2018 ekki verið skilað til stofnunarinnar.

Grein 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Mælingar á aflagða urðunarstaðnum hafa ekki verið framkvæmdar í samræmi við mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun. Einungis niðurstöðum mælinga á tveimur grunnvatnsbrunnum var skilað árið 2018 og engar mælingar liggja fyrir frá árunum 2014-2018. Engar mælingar voru gerðar árið 2019.

Grein 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.

Í skoðunarferð sást úrgangur standa uppúr haugnum á stöku stað sem gefur til kynna að yfirborðsfrágangur sé ekki nægjanlegur allstaðar.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var ekki með tiltæka lokunaráætlun sem lögð var fram til grundvallar fyrirmæla um frágang og vöktun þegar eftirlitið fór fram. Umhverfisstofnun óskar eftir að fá lokunaráætlunina senda á ust@ust.is.

Í eftirlitinu var rætt um mikilvægi þess að taka niðurstöður skráninga saman á skilvirkan hátt í eina samræmda skýrslu. Skýrslan er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar hverju sinni.

## ANNAD

Anton Helgason og Hlynur Reynisson frá Heilbrigðiseftirliti vestfjarða voru viðstaddir eftirlitið

Reykjavík, 31.01.2020

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Halla Einarsdóttir